



Samband ungra
Framsóknarmanna

Umsögn Sambands ungra Framsóknarmanna vegna frumvarps til kosningalaga

12/01/2021

Þingskjal 401 - Mál nr. 339

Kosningaldur:

Ungt Framsóknarfólk leggur til að kosningaréttur verði veittur við byrjun þess árs sem einstaklingur nær kosningaaldri, en ekki við fæðingardag.

Ungt Framsóknarfólk telur það ekki lýðræðislegt að neita ungu fólki um kosningarétt einungis vegna þess að þau fæðast seinna á kosningarárinu. Þau sem fæðast á sama ári eru talin jafningjar í augum samfélagsins, þau fylgjast að í gegnum grunnskóla, taka lokapróf saman og útskrifast saman. Allt óháð því hvort þau fæðist í janúar, júní eða desember.

Þrátt fyrir það að vera talin jafningjar eru þau ekki jöfn þegar kemur að rétti til kosninga, mikilvægasta rétti sem fyrirfinnst í lýðræðisríki.

Í þessu samhengi er vert að benda á að Norðmenn miða kosningarétt við fæðingarár en ekki fæðingardag. Sem dæmi stendur eftirfarandi í 50. gr. norsku stjórnarskrárinnar:

„Kosningarétt hafa allir norskir ríkisborgarar, karlar og konur, sem orðnir eru eða verða fullra átján ára á því ári sem kosningar eru haldnar.“

Norðmenn hafa því sýnt gott fordæmi í þessum efnum og ættum við að taka þá okkur til fyrirmyndar og jafna þannig rétt ungs fólks til þátttöku í kosningum.

Ungt Framsóknarfólk leggur því til að viðeigandi greinum frumvarpsins verði breytt, svo að kosningaréttur verði miðaður við fæðingarár í stað fæðingardags.



Samband ungra
Framsóknarmanna

Póstkosning:

Ungt Framsóknarfólk fagnar því að í frumvarpi til kosningalaga er í 71. gr. ákvæði um póstkosningu. Póstkosning er mikið framfaraskref sem eykur aðgang fólks að mikilvægasta rétti lýðræðisríkis, kosningarétti. Dæmi eru um að Íslendingar erlendis hafi þurft að ferðast langar leiðir á kjörstað búi þeir eða hafi aðsetur langt frá utankjörfundar kjörstað erlendis. Heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir hefur þá jafnframt sýnt fram á að ferðafrelsi fólks getur verið takmarkað á svípsstundu og því enn fremur ástæða til þess að auka aðgengi fólks til þess að nýta kosningarétt sinn.